

Innkaupastefna Dalvíkurbyggðar

Það er stefna Dalvíkurbyggðar að innkaup sveitarfélagsins stuðli að hagkvæmni í rekstri og hvetji um leið til nýsköpunar og framsækinnar þróunar í atvinnulífi, með virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

Dalvíkurbyggð vinnur að því með eftirfarandi hætti:

- Að við innkaup sé þess gætt að ákvæðum laga og reglna er varða innkaup sé fylgt í hvívetna.
- Að gætt sé jafnræðis þeirra sem viðskipti eiga við sveitarfélagið.
- Að innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gagnsæjar.
- Að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum sveitarfélagsins.
- Að við innkaup sé auk kostnaðar tekið tillit til gæða-, umhverfis- og mannréttindasjónarmiða.
- Að stuðla að samkeppni á markaði varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til sveitarfélagsins.
- Að samræma innkaup fyrir einstaka stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir.

Samþykkt í byggðaráði Dalvíkurbyggðar , 27.06.2019

INNKAUPAREGLUR DALVÍKURBYGGÐAR

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Tilgangur

Tilgangur með reglum þessum er að stuðla að vönduðum, hagkvæmum og vistvænum innkaupum og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Dalvíkurbyggð kaupir.

Reglum þessum er ætlað að vera lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 (hér eftir lög um opinber innkaup eða lögin) til fyllingar og útfæra nánar framkvæmd innkaupa hjá sveitarfélaginu.

2. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir Dalvíkurbyggð og allar stofnanir, fyrirtæki og deildir sem reknar eru af sveitarfélaginu sbr. ákvæði í lögum um opinber innkaup. Reglurnar taka ekki til fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins, samtaka eða samlaga sem sveitarfélagið á aðild að með öðrum sveitarfélögum, þó að lög um opinber innkaup geti gilt um þau, sbr. 3. gr. laganna.

Reglurnar taka til allra innkaupa sveitarfélagsins. Við innkaup skal enn fremur fylgt lögum um opinber innkaup og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993, sem og öðrum lögum og reglugerðum sem kunna að vera settar og ná til sveitarfélaga.

3. gr.

Samningar sem innkaupareglurnar taka til

Innkaupareglur þessar taka til samninga um fjárhagslegt endurgjald sem sveitarfélagið gerir við einn eða fleiri utanaðkomandi aðila og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu í skilningi laga um opinber innkaup.

4. gr.

Samningar undanþegnir ákvæðum innkaupareglanna

Innkaupareglur þessar taka ekki til samninga sem undanþegnir eru ákvæðum laga um opinber innkaup, s.s.:

- Þjónustusamninga er varða atriði sem tilgreind eru í 11. gr. laga um opinber innkaup. Meðal þeirra eru vinnusamningar, lánssamningar, samningar um kaup eða leigu á jörðum eða fasteignum, tiltekin fjármála- og lögfræðiþjónusta, almannavarnir og tiltekin

forvarnabjónusta, tiltekna rannsóknir og þróun á þjónustu, sbr. nánar ákvæði 11. gr. laganna.

- Samninga aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu, sbr. 9. gr. laga um opinber innkaup. Um slíka samninga gildir reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu.
- Samninga sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar eða sérleyfis, skv. 12. gr. laganna.
- Samninga milli opinberra aðila á grundvelli 13. gr. laganna.
- Þjónustusamninga sem í raun eru styrktarsamningar.

Um opinbera samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu fer skv. 92. gr. laga um opinber innkaup, sbr. reglugerð nr. 1000/2016 um innkaup sem falla undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup.

Að öðru leyti vísast til laga um opinber innkaup.

5. gr.

Meginreglur við innkaup

Gæta skal jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis við innkaup. Óheimilt er að mismuna aðilum á grundvelli þjóðernis eða takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupaferli til að tryggja jafnræði.

Það telst ekki andstætt jafnræði að áskilja að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á málefnalegum ástæðum.

II. kafli. Ábyrgð, umsjón og eftirfylgni með innkaupum

6. gr.

Ábyrgð á innkaupum

Byggðaráð ber ábyrgð á innkaupum sveitarfélagsins. Sviðsstjórar bera ábyrgð á að innkaup sviða séu í samræmi við innkaupastefnu, innkaupareglur og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Ábyrgðin nær til innkaupa stofnana sem undir hvern sviðsstjóra heyra. Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á innkaupum sinna stofnana í umboði sviðsstjóra. Innkauparáð ber ábyrgð á innkaupum sem heyra undir fleiri en eitt svið.

7. gr.

Umsjón með innkaupum

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins, sbr. 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitararstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar ef svo ber undir.

Stjórnendum er heimilt að stofna til útgjalda fyrir hönd sveitarfélagsins innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni og bera þeir ábyrgð á innkaupum sinna málaflokka, stofnana, fyrirtækja og deilda. Stjórnendur geta veitt einstökum starfsmönnum heimild til að stofna til útgjalda. Öllum sem heimild hafa til að stofna til útgjalda ber að staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni innkaupareglna sveitarfélagsins og að þeir muni fylgja þeim við innkaup. Stjórnandi getur veitt undirmanni sínum umboð til að afla aðfanga allt að kr. 600.000. Innkaup annarra en starfsmanna, í nafni sveitarfélagsins, eru með öllu óheimil. Sveitarstjóra og sviðsstjórum sveitarfélagsins er þó heimilt að veita verktökum heimild til úttektar á vörum á kennitölu sveitarfélagsins vegna skilgreinda verka sem samið hefur verið um. Framkvæmd og innihald innkaupa skal vera skýrt og liggja ljóst fyrir áður en til úttektar kemur. Ef valin er eða ef samið er um þessa leið er skilyrt að innkaup á kennitölu sveitarfélagsins séu hagkvæmari fyrir sveitarfélagið og það njóti þeirra afsláttarkjara sem samið hefur verið um.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir þá starfsmenn sem hafa heimild til að stofna til útgjalda og ber sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ábyrgð á að uppfæra skrána.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir þá stjórnendur og starfsmenn sem hafa heimild til innkaupa með innkaupakortum og ber sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ábyrgð á að uppfæra skrána. Heimild samkvæmt innkaupakortum skal vera að hámarki kr. 300.000. Í sérstökum tilfellum er hægt að óska eftir tímabundinni hækkun á heimild innkaupakorta. Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs veita slíka heimild.

Umhverfis- og tæknisvið og Veitu- og hafnasvið sveitarfélagsins sér um útboð og samninga á verklegum framkvæmdum sveitarfélagsins, eftir því sem við á.

UT-teymi Dalvíkurbyggðar fjallar um innkaup á tölvubúnaði, spjaldtölvum, hugbúnaði, gagnaflutningi og svo framvegis og tekur ákvörðun um innkaup í samræmi við erindisbréf og heimildir UT-teymis á hverjum tíma.

Fjármála- og stjórnsýslusvið sveitarfélagsins, í samstarfi við innkauparáð, sér um og hefur frumkvæði að því að samræma innkaup sveitarfélagsins þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins hafa almenn not fyrir.

8. gr.

Stuðningur, eftirfylgni og samræming innkaupa

Innkauparáð er hverju sinni skipað af sveitarstjóra og sviðsstjórum og skulu innkaupamál tekin upp á reglulegum sviðsstjórafundum þegar á þarf að halda. Sveitarstjóri boðar og stýrir sviðsstjórafundum og ber ábyrgð á því að innkaupamál séu tekin reglulega fyrir.

Innkauparáð hefur yfirumsjón með framkvæmd og samræmingu innkaupa og eflingu innkaupabekkingar hjá sveitarfélaginu, auk þess sem það hefur eftirlit með að svið, deildir og stofnanir fylgi innkaupastefnu og innkaupareglum sveitarfélagsins.

Innkauparáð veitir aðstoð og er til ráðgjafar um innkaup sveitarfélagsins. Innkauparáð setur árlega markmið um árangur innkaupa í samræmi við innkaupastefnu sveitarfélagsins og skilgreinir mælikvarða til að meta árangur. Það fylgir markmiðum eftir og metur framkvæmd þeirra, auk þess sem ráðið sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga.

Sviðsstjórar skulu fylgjast með innkaupum, hver á sínu sviði og vera forstöðumönnum til aðstoðar við innkaup og framfylgd innkaupareglna. Þeir skulu stuðla að og fylgjast með samræmingu innkaupa innan sinna sviða. Sviðsstjórar skulu, í samvinnu við innkauparáð, leitast við að samræma innkaup milli allra sviða og stofnana sveitarfélagsins og fylgjast með því að upplýsingar séu tiltækar um innkaup, m.a. svo hægt sé að fylgja skilgreindum mælikvörðum.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs sér um að tiltækar séu upplýsingar um heildarinnkaup, m.a. í samræmi við skilgreinda mælikvarða, og að þær berist innkauparáði, viðkomandi sviðsstjórum, forstöðumönnum stofnana og öðrum eftir atvikum.

III. kafli. Undirbúningur innkaupa

9. gr.

Mat á þörf fyrir innkaup

Áður en ákvörðun er tekin um innkaup, útboð undirbúið eða samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, skal greina þörfina fyrir innkaup. Mikilvægt er að það sé gert í samráði við væntanlega notendur og jafnframt íhugað hvort þörfin verði uppfyllt eftir öðrum leiðum, s.s. með breyttu vinnulagi, endurnýtingu, þjónustu eða á annan hátt.

10. gr.

Skilgreining innkaupa og upplýsingagjöf

Skilgreina skal vel það sem á að kaupa. Þar sem seljendum er gefið svigrúm til að útvega vöru eða þjónustu, eða til að framkvæma verk, skulu þarfir sveitarfélagsins skilgreindar nákvæmlega og þau skilyrði sem vara, verk eða þjónusta á að uppfylla. Setja skal fram forsendur um gæði, umhverfisáhrif og vistferilskostnað eins og kostur er.

Við innkaup og innkaupapöntun skal enn fremur tilgreina hver pantar, hvaða svið eða stofnun viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir og önnur þau atriði sem máli skipta.

11. gr.

Val á aðferð við innkaup

Við innkaup skal ávallt kanna fyrst hvort mögulegt sé að kaupa inn á grundvelli rammasamnings, sbr. 40. gr. laganna. Almennt er óheimilt að nýta aðrar innkaupaaðferðir ef innkaup á grundvelli rammasamnings eru möguleg.

Áður en ákvörðun er tekin um aðrar innkaupaaðferðir og samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, skal lagt mat á hvaða aðferð henti við innkaupin, með tilliti til eðlis og umfangs þeirra, sbr. einnig önnur ákvæði reglna þessara. Innkauparáð veitir leiðbeiningar um innkaup sveitarfélagsins.

Við innkaup samkvæmt reglum þessum skal einkum nota eftirfarandi aðferðir ef rammasamningar eru ekki tiltækir:

- Verðfyrirspurn
- Almennt útboð

Að höfðu samráði við innkauparáð er heimilt að viðhafa aðrar innkaupaaðferðir sem lýst er í IV. kafla laga um opinber innkaup sé það talið líklegt til árangurs.

12. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir

Þegar áætlað virði samnings er á eftirfarandi verðbili er skylt að viðhafa verðfyrirspurn:

Vöru- og þjónustusamningar	1.000.000 – 15.500.000 kr.
Verksamningar	15.500.000 – 49.000.000 kr.

Þegar áætlað virði samnings fer yfir eftirfarandi fjárhæð er skylt að viðhafa útboð innanlands sbr. III. kafla laga um opinber innkaup:

Vöru- og þjónustusamningar	15.500.000 kr.
Verksamningar	49.000.000 kr.

Þegar áætlað virði samninga fer yfir eftirfarandi fjárhæð er skylt að viðhafa útboð á Evrópska efnahagssvæðinu:

Vöru- og þjónustusamningar	28.752.100 kr.
----------------------------	----------------

Verksamningar

721.794.800 kr.

Allar viðmiðunarfjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Viðmiðunarfjárhæðir um útboð bæði innanlands og á EES svæðinu fara eftir lögum um opinber innkaup. Uppfæra þarf innkaupareglurnar þegar viðmiðunarfjárhæðir laganna breytast. Sé misræmi milli innkaupareglna og laga um opinber innkaup gilda viðmiðunarfjárhæðir laganna.

13. gr.

Útreikningur á virði samninga og skipting innkaupa

Við útreikning á áætluðu virði samnings skal fara eftir III. kafla laga um opinber innkaup.

Mikilvægt er við útreikning að tekið sé tillit til áætlaðra heildarfjárhæðar innkaupa allra sviða, deilda eða stofnana sveitarfélagsins, nema þær beri sjálfstæða ábyrgð á innkaupum sínum eða tilteknum tegundum þeirra.

Útreikningur skal miðast við þann tíma þegar útboðsauglýsing er send til opinberrar birtingar eða þegar sveitarfélagið hefst handa við innkaupaferli við þær aðstæður að ekki er skylt að tilkynna opinberlega um innkaup.

Óheimilt er að gera ótímabundna samninga. Samningar um kaup á vörum, framkvæmdum eða þjónustu skulu að jafnaði ekki gerðir til lengri tíma en þriggja ára. Heimilt er að gera samninga með möguleika á framlengingu til eins árs í senn. Ekki má framlengja slíkan samning oft en tvisvar. Samningar mega að hámarki verða samtals 6 ár, nema með sérstakri ákvörðun byggðaráðs og staðfestingu sveitarstjórnar ef sveitarfélagið gerir kröfu um að verksali byggi upp kostnaðarsama aðstöðu eða búnað vegna verkefnisins eða þjónustunnar, sbr. 100. gr. í Sveitarstjórnarlögum nr. 138 frá 28. september 2011.

Óheimilt er að framlengja samninga við birgja umfram það sem getið er í útboðsgögnum og/eða samingum. Samninga sem gerðir eru og spanna meira en eitt fjárhagsár og/eða meira en eitt fjárhagsáætlunarár skal leggja fyrir viðkomandi fagnefnd eða byggðaráð, eftir því sem við á, til umfjöllunar og afgreiðslu og síðan fyrir sveitarstjórn.

Leitast skal við að gera samninga þannig úr garð að ekki komi upp ágreiningur um efni þeirra og efnidir. Samningar sem gerðir eru til langs tíma skulu innihalda skýr uppsagnar- og riftunarákvæði til handa sveitarfélaginu.

14. gr.

Verðfyrirspurn

Verðfyrirspurnir skulu vera skriflegar og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með tölvupósti.

Fyrirspurnir skulu að lágmarki sendar til þriggja aðila.

Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forendum en verði einu saman. Samanburðarskjal verðupplýsinga skal gert og þátttakendur skulu upplýstir um val á viðsemjanda.

15. gr.

Undantekningar frá fyrirspurn og útboði

Innkauparáði er heimilt að veita undanþágu frá verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður eða þjónusta fæst eingöngu hjá einum aðila. Skulu slíkar undanþágur vera í samræmi við lög um opinber innkaup.

IV. kafli. Framkvæmd og eftirfylgni

16. gr.

Meðferð reikninga vegna innkaupa

Allir samningar um innkaup á verkum, vöru og þjónustu skulu vera skriflegir og skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun.

17. gr.

Fræðsla og þjálfun innkaupafólks

Til að efla færni starfsfólks sveitarfélagsins og þjálfun á sviði innkaupa fær starfsfólkið fræðslu og þjálfun í samræmi við fræðsluáætlun í innkaupamálum, sem innkauparáð setur fram.

Innkauparáð sveitarfélagsins ber ábyrgð á að innkaupareglur þessar verði uppfærðar þegar þörf krefur.

18. gr.

Mælikvarðar og endurmat

Innkauparáð setur árlega markmið um árangur innkaupa í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í innkaupamálum og skilgreinir mælikvarða til að meta árangurinn. Innkauparáð fylgir markmiðum eftir, metur hvernig til hefur tekist við að framfylgja stefnunni og sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga, sbr. 8. gr. reglna þessara.

V. kafli. Önnur ákvæði

19. gr.

Hæfis- og siðareglur

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum, sem og aðrir fulltrúar sveitarfélagsins, skulu gæta að almennum hæfis- og siðareglum er gilda um starfsemi sveitarfélagsins.

Ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði samþykktar um stjórn sveitarfélagsins um hæfi gilda um ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt innkaupareglum þessum.

20. gr.

Tengdir aðilar

Almennt eru tengdir aðilar aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig hér undir ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir tengda aðila og ber sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ábyrgð á að uppfæra skrána.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila skulu vera á sömu forsendum og þegar um óskylda aðila er að ræða, s.s. varðandi einingaverð. Að öðru leyti gilda ákvæði 19. gr. um hæfis- og siðareglur.

21. gr.

Trúnaðarskylda

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum, sem og aðrir fulltrúar sveitarfélagsins, skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna viðskiptahagsmuna sveitarfélagsins og stofnana þess, eða af öðrum ástæðum sem leiða af lögum eða eðli máls.

22. gr.

Kærur og kvartanir

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup getur aðili borið fram kæru í samræmi við XI. kafla laga um opinber innkaup.

Telji þjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamál hjá sveitarfélaginu sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útboðsmála, er þeim ætíð heimilt að beina erindi þar um til byggðaráðs. Slík kvörtun skal berast skriflega innan fjögurra vikna frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

23. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar af byggðaráði Dalvíkurbyggðar með fullnaðarheimild til afgreiðslu frá sveitarstjórn vegna sumarleyfi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar og öðlast þegar gildi.

Dalvíkurbyggð, 27.06.2019

Fylgiskjöl og gagnlegar upplýsingar:

1. **Yfirlitsmynd yfir ferli innkaupa**
2. Lög um opinber innkaup <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>
3. Lög um framkvæmd útboða <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993065.html>
4. Reglugerð um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/340-2017>
5. Reglugerð um innkaup sem falla undir félagsþjónustu og aðra sérstæka þjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/fjarmala--og-efnahagsraduneyti/nr/1000-2016>
6. Upplýsingar um innkaupamál á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga: <https://www.samband.is/verkefningin/rekstur-sveitarfelaga/innkaupamal/>
7. Dalvíkurbyggð er aðili að rammisamningum Ríkiskaupa: <https://www.rikiskaup.is/is/um-rikiskaup/utgefid-efni/innskraning> (aðgangsskráning)
8. Námskeið Sambandsins um opinber innkaup sem var 6. maí 2019. <https://www.samband.is/um-okkur/fundir-og-radstefnur/namskeid-um-opinber-innkaupamal>
9. Útboðsvefur; <http://utbodsvefur.is/> (aðgangsskráning)
10. Rafrænt innkaupakerfi Ríkiskaupa; <https://tendsign.is/> (aðgangsskráning)
11. Vistvæn innkaup; <http://vinn.is>



DALVÍKURBYGGÐ

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR
